

Fundargerð

40. stjórnarfundur FHA haldinn 3. október, 2012 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Engilbertsson (GE), Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir og (HS), Ólína Freysteinsdóttir.

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð var samþykkt

2. Kjaramál

Samstarfsnefnd fundaði í gær. Rætt var um stjórnargreiðslur og fundarþóknanir. Enn hafa ekki upplýsingar borist frá tveimur sviðsstjórum en það mun verða pressað á þá að skila þessu af sér. Námsleyfin voru einnig rætt og komið á framfæri athugasemjum við þá vinnureglu að það yrðu ekki lengri en 3 mánuðir. Samþykkt var að taka það út í reglum um námsleyfi. Ársmatsjóðurinn var líka ræddur og samþykkt að hann yrði sambærilegur og hjá HÍ þó með þeirri undantekningu að starfsmenn þurfa ekki að sækja um hann sérstaklega en vilji til að skoða það í framtíðinni.

3. Önnur mál

- a. Opinn félagsfundur í október. Samþykkt að leita til Helga Gestsonar um að ræða á opnum félagsfundi um hvernig reikna eigi tíma eftir mismunandi gerðum námskeiða.
- b. Námskeið í nóvember. Þórkátla frá Líf og sál hefur samþykkt að koma norður og vera með námskeið þann 23. nóvember, eitt fyrir hádegið og annað eftir hádegið. Formanni var falið að leita til háskólans um að fjármagna námskeiðið og þar meða bjóða það öllu starfsfólki sem áhuga hafa á að mæta. Ef ekki þá mun FHA bera kostnaðinn og auglýsa meðal sinna félagsmanna.
- c. Á næstu vikum eru nokkrar ráðstefnur, málþing og námskeið sem æskilegt væri að stjórn og nefndir FHA tæku þátt í. Þar má nefna námskeið um samskipti við samningaborðið, gerð og eftirfylgni kjarasamaninga, launaráðstefna. Vinnuverndarvikan er 22.26 okt og þar verður m.a. tekið fyrir einelti á vinnustað, álag og líðan á vinnustað svo eitthvað sé nefnt. Stjórnar- og nefndarmenn eru hvattir til að láta vita hafi þér áhuga á að sækja eitthvað af þessum viðburðum sem geta nýst þeim í starfi fyrir félagið.
- d. Ein umsókn í námssjóð barst – verður samþykkt ef hún uppfyllir skilyrði. GKÓ gengur frá málinu.
- e. GE bar upp fyrirspurn frá árshátíðarnefnd um að FHA myndi styrkja árshátíðina núna í ár. Húsaleigan er kr. 85.000 og mun árshátíðin verða á skemmtistaðnum 600. Stjórn FHA hefur tekið fyrir að styrkja einstaka atburði innan háskólans eins og þennan þar sem það hefur verið eina félagið sem tekið hefur þátt í að niðurgreiða kostnað fyrir allt starfsfólk, líka þá sem ekki eru í félaginu. ÓF benti á að í undirbúningi er að stofna starfsmannafélag og búið er að auglýsa stofnfundinn, það væri vettvangur fyrir uppákomur eins og árshátíð. Lagði hún til að FHA myndi færa starfsmannafélaginu



peningagjöf sem það gæti þá ráðstafað til árhátíðarinnar ef vilji er til. Fundar menn samþykktu þessa tillögu og ákveðið var að færa starfsmannafélagi HA kr. 100.000 í gjöf á stofnfundi sínum. Jafnframt var ákveðið að hvetja önnur starfsmannafélög við HA að gera slíkt hið sama.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:00
Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.